

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við hátíð
brautskráðra doktora í Hátíðasal Aðalbyggingar 1. desember 2024**

Aðstoðarrektor, forsetar fræðasviða, kæru nýdoktorar, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur fyrir hönd Háskóla Íslands velkomin til hátíðar brautskráðra doktora. Ég vil þakka Kvennakór Háskóla Íslands fyrir flutning á lögnum „Evening rise“ og „Það aldin út er sprungið“ sem kórinn flutti svo fallega hér áðan.

Forsendur doktorsprófs frá Háskóla Íslands hafa breyst mikið á þeim tíma sem skólinn hefur starfað. Fyrstur til að verja doktorsritgerð frá Háskólanum var Páll Eggert Ólason árið 1919 og fjallaði hún um Jón Arason Hólabiskup, en Páll varð síðar prófessor við heimspekideild og rektor Háskólans 1923-1924. Árið 1960 var Selma Jónsdóttir fyrst kvenna til að leggja fram doktorsrit til varnar og fjallaði það um dómsdagsmynd í Flatatungu.

Á síðastu tuttugu árum hefur doktorsnám vaxið og eflst til muna við Háskóla Íslands. Þetta má ekki síst þakka framlagi Háskólasjóðs Eimskipafélagsins, sem fagnaði 60 ára afmæli 11. nóv. sl. Háskólasjóðurinn, sem er að stofni til gjöf Vesturíslendinga með hlutabréfum Eimskipafélagsins í þeim tilgangi að efla Háskóla Íslands, hóf að veita doktorsstyrki árið 2006. Styrkveitingar sjóðsins ollu straumhvörfum í stuðningi doktorsnáms á Íslandi. Stuðningur sjóðsins varð þess valdandi að doktorsnám óx og dafnaði við Háskóla Íslands og fleiri sjóðir hafa fylgt í kjölfarið.

Til marks um vöxt doktorsnáms innan Háskóla Íslands má nefna að fyrir tveimur árum var þeim áfanga náð að þúsundasti doktorinn brautskráðist, aðeins sex árum eftir að sá fimm hundraðasti lauk námi frá skólanum. Alls hafa 1204 doktorar nú brautskráðst frá Háskóla Íslands. Efling doktorsnámsins styrkir ótvírætt stöðu Háskólans í hópi viðurkenndra rannsóknaháskóla á alþjóðavísu eins og alþjóðlegar mælingar hafa ítrekað sýnt. Um leið gerir námið skólanum kleift að rækja hlutverk sitt innanlands sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar.

Að eiga öflugan rannsóknaháskóla er frumskilyrði þess að Íslendingar verði samkeppnisfærir í vísindum, nýsköpun og þróun atvinnulífs innan þekkingarsamfélags þjóðanna. Grunnrannsóknir eru enda ein helsta forsenda framþróunar og aukinnar velsældar. Vísindastarf með samvinnu doktorsnema og leiðbeinenda leiðir af sér sköpun verðmæta á öllum fræðasviðum. Námið felur í sér stranga þjálfun og það byggist á þekkingarleit, rökhugsun, túlkun, ályktunarhæfni og getu til að koma hugsunum sínum frá sér í ræðu og riti á vettvangi sem gerir strangar vísindalegar kröfur. Námið býr þannig doktorsnemana undir að takast á við margþætt og flókin viðfangsefni.

Kæru nýdóttorar.

Þegar þið komuð til þessarar hátíðar beið ykkar lítið kver sem gefið er út í tilefni dagsins. Þessi ritlingur er að vissu leyti óður til ykkar allra, varða um afrek ykkar. En hann er líka óður til hafsins í einstaklega hrífandi myndum Erlends Bogasonar ljósmyndara og kafara. Erlendur hefur stutt við fjölbreyttar rannsóknir vísindamanna við Háskóla Íslands sem snúa að undirdjúpunum, auðlindum hafsins.

En hafið er ekki bara kveikjan í fjölbreyttum rannsóknum, það hefur einnig verið matarkista þjóðarinnar allt frá upphafi byggðar. Hafið er líka uppsprettan í allskyns frásögnum, kveðskap, myndlist og kvikmyndum.

Þetta er eðlilegt því fegurð hafsins er óuumdeild og myndir þess og litir nær óteljandi. Þær helgast ekki síst af birtu og vindum og því sem hafið speglar þegar við beinum augum að því.

Þótt sjórinn blasi nær daglega við flestum Íslendingum þá eru undirdjúpin að mestu hulin. Lífríki þeirra er þó afar fjölskrúðugt og umhverfið einnig eins og myndirnar í ritlingnum sýna. Í djúpunum leitar vísinda- og fræðafólk svara við spurningum sem varða t.d. súrnun sjávar, áhrif mengunar á lífríki, nám nýrra tegunda, betri nýtingu stórbörunga, áhrif loftslagsbreytinga á seiði nytjastofna og afkomu sjófugla. Þar er líka leitað að nýjum lyfjasprotum, áhrif manna á hvali eru könnuð auk þess sem fornminja er leitað á sjávarbotni. Ótrúlegur fjöldi vísindamanna hefur sinnt vísindum á framangreindum sviðum og fjörmörgum öðrum sem snerta umhverfi og lífríki hafsins. Meira að segja sum ykkar sem sitjið hér í salnum.

Góðir gestir, við göngum fljótlega til afhendingu gullmerkja til nýdoktora. Áður en það hefst tekur Edda Sif Aradóttir Pind, framkvæmdastýra Carbfix til máls. Edda Sif lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands 2011 og var ein af fyrstu nemendum skólans sem hlaut styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins.

Að loknu ávarpi Eddu Sifjar tekur Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor, aðstoðarrektor vísinda og forstöðumaður Miðstöðvar framhaldsnáms, við og stjórnar athöfninni.

--- LOKAORÐ---

Góðir gestir. Ég vil þakka Önnu Þóru og Ernu Sif innilega fyrir þeirra mikilvægu ávörp. Þá þakka ég Kvennakórnum fyrir sönginn í laginu „Jólin alls staðar“ eftir Jón Sigurðsson, við ljóð Jóhönnu G. Erlingsson.

Ég vil þakka starfsfólki miðlægrar stjórnsýslu fyrir undirbúning þessarar athafnar.

Góðir gestir. Það er stór stund í lífi leiðbeinenda þegar stúdent undir þeirra leiðsögn ver rannsóknastarf sitt og ritgerð frammi fyrir krefjandi spurningum alþjóðlegra sérfræðinga. Ég óska því leiðbeinendum sérstaklega til hamingju. Síðast en ekki síst óska ég ykkur nýdoktorum hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur og óska ykkur velfarnaðar í hverju því sem þið takið ykkur fyrir hendur.